

Stefna og framtíðarsýn

Hlutverk Ártúnsskóla í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska nemenda og leggja grunn að virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.

Ártúnsskóli er skóli margbreytileikans, þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í skólasamfélaginu og lögð er áhersla á heildstæða menntun allra.

Einkunnarorð skólans eru **ÁRANGUR – VIRÐING – VELLÍÐAN.**

Í skólanum er unnið samkvæmt stefnu fræðsluyfirvalda um skóla án aðgreiningar. Við byggjum námið á styrkleikum einstaklinganna og námsumhverfið mótað á þann hátt að það mæti einstaklingnum þar sem hann er staddur þannig að hann geti á eigin forsendum þroskast og náð góðum tókum á allri þeirri hæfni og getu sem hann býr yfir. Þar verður fjölbreyttum námsaðferðum beitt sem virkja bæði huga og hönd. Stefnt er að hámarks árangri.

Hlutverk skólans er í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag að byggja upp sjálfstæðan skapandi einstakling sem er tilbúinn að taka virkan þátt í framtíðarþjóðfélagi sem byggir á hugmyndum um jafnrétti og lýðræði.

Litið er á skólasamfélagið sem eina heild og skólastarfið byggt upp í anda sterkrar liðsheildar. Lögð er áhersla á hlýlegt og styðjandi námsumhverfi, þar sem einstaklingurinn finnur sig velkominn og hæfileikar hans fá notið sín.

Meginþræðir í stefnu skólans byggjum við á grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá 2011) læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, og sköpun.

Til að ná þessum markmiðum leggjum við áherslu á:

- ✓ Umhverfisfræðslu, með þátttöku í grænánaverkefni og öflugri samþættri útikennslu, sem stuðlar að heildrænni hugsun og fjölbreyttri nálgun viðfangsefna sem snerta lífsafkomu mannkynsins í framtíðinni. Til þessa notum við nærumhverfi skólans sem og útikennslustofuna í Elliðaárdalnum.
- ✓ Þátttöku í verkefni “Heilsueflandi skóli”. Með það að markmiði að byggja upp heilbrigðan lífstíl skólasamfélagsins á öllum sviðum heilsu. Þátttaka í verkefni gefur okkur tækifæri til að vinna á heildrænan hátt með nemendur, mataræði og tannheilsu, heimilin, geðrækt, nærsamfélagið, hreyfingu- öryggi, lífsstíl og starfsfólk.

- ✓ Heildstæða móðurmálskennslu sem felur í sér markvissa þjálfun málþroska sem undirbúning lestrarnáms frá upphafi leikskólagöngunnar.
- ✓ Lýðræði og mannréttindi nemenda með því að gera þá að virkum þátttakendum í nemendafélagi, skólaráði og umhverfisnefnd eins og aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Þannig koma þeir að stefnumótun og skipulagi á sínum vinnustað.
- ✓ Skapandi starf, samsöngur og þjálfun í því að koma fram er sterkur þáttur í skólastarfinu. Mikilvægt er að rækta þessa þætti, með samverum á sal, sameiginlegum skemmtunum og uppákomum jafnt fyrir foreldra sem og samnemendur.
- ✓ Flæði á milli skólastiga, með sameiginlegar smiðjur og hringekjur. Samvinnu- og þemaverkefnum sem ná til alls skólastarfsins.